Eyjólfur Ármannsson
innviðaráðherra

13. ágúst 2026

Efni: Nýting veiðiheimilda

LS óskar hér með eftir breytingu á reglugerð 1270/2025. Breytingin varðar 3. gr. „Ráðstöfun og nýting línuívilnunar“, skiptingu veiðiheimilda í þorski til línuívilnunar.

Óskað er eftir að veiðiheimildir í þorski á fjórða tímabili verði 230 tonn í stað 30 tonna.

Fiskistofa stöðvaði línuívilnun í þorski 16. febrúar sl. Við skoðun kom í ljós að ívilnunin var þá komin 61 tonn umfram heimildir. Til strandveiða sem lauk 12. ágúst voru ætluð 14.314 tonn. Bráðabirgðauppgjör Fiskistofu sýnir að stöðvun veiðanna hafi orðið einum degi of snemma, þar sem rúmlega 200 tonn vantar upp á að viðmiðunarmagni hafi verið náð.

Þannig að þessar heimildir nýtist á yfirstandandi fiskveiðiári hefur stjórn LS ákveðið að fara þess á leit við yður að þeim verði bætt við línuívilnun.

Það er aðeins í þorski sem línuívilnun hefur verið stöðvuð. Enn eru nægar heimildir til línuívilnunar í ýsu, karfa, löngu, keilu og steinbít.

Það sem af er fiskveiðiárinu hafa 53 bátar nýtt sér línuívilnun og eru löndunarhafnir þeirra 31 talsins. Allt eru þetta smábátar sem allir stunda dagróðra og afli því í hámarksgæðum til vinnslu, jafnframt að skapa atvinnu fyrir beitningafólk.

Línuívilnun í þorski – staðan 13. ágúst 2026

Tímabil	Viðmiðun	Afli	Mismunur
Þorskur			
01.09.2025 til 13.10.2025	128.000	117.619	10.381
01.12.2025 til 16.02.2026	272.000	343.420	-71.420
Samtals	400.000	461.039	-61.039

Virðingarfyllst



Kjartan Páll Sveinsson
formaður



Örn Pálsson
framkvæmdastjóri